



Reglugerð um félög og keppendur

Félög:

1. Hlutgengi

1.1. Félag verður aðili að ÍSÍ og þar með HNÍ með inngöngu í hlutaðeigandi héraðssamband/íþróttabandalag sbr. 2 kafla 5 gr. gildandi laga ÍSÍ.

2. Starfsleyfi

2.1. Öll félög innan vébanda HNÍ skulu skila inn starfsskýrslu í félagakerfi ÍSÍ fyrir 15. apríl ár hvert til þess að viðhalda starfsleyfi sínu. Heimilt er að gefa frest á skilum en eingöngu ef ÍSÍ ákveði að veita þann frest.

Keppendur:

1. Hlutgengi

1.1. Til þess að vera hlutgengur til keppni á mótum á vegum HNÍ eða af félagi innan þess verður viðkomandi að hafa náð þeim aldri sem tilgreindur er í keppnisreglum AIBA hverju sinni og vera skráður í félagi innan vébanda HNÍ samkvæmt félagskerfi ÍSÍ.

1.2. Auk þess þarf viðkomandi að hafa þáttökubók með keppnisleyfi í gildi og hafa gengist undir læknisskoðun skv. reglum þáttökubókarinnar.

2. Þáttökubók

2.1. Í þáttökubók eru skráðar viðureignir keppanda ásamt grunnupplýsingum um hann, árlegri læknisskoðun hans og árlegri staðfestingu frá landssambandi.

2.2. Þáttökubók sem er í boði fyrir keppendur, er þáttökubók frá AIBA. AIBA þáttökubók geta allir þeir iðkendur fengið sem eru skráðir í félagakerfi ÍSÍ og hafa æft hjá félagi innan vébanda HNÍ í a.m.k. 6 mánuði ásamt því að vera á fimmtánda (15) ári, með a.m.k. þriggja (3) ára samfellda búsetu á Íslandi og uppfylla öll þau skilyrði sem AIBA setur hverju sinni um gjaldgengi á þeirra mótum.

2.3. Þegar sækja á um þáttökubók í fyrsta sinn skal senda inn umsókn til fulltrúa HNÍ sem hefur umsjón með þáttökubókum hverju sinni ásamt gjaldi fyrir þáttökubók sem er aveðið er af HNÍ ár hvert. Umsókn skal fylgja staðfesting undirrituð af formanni eða öðrum stjórnarmanni viðkomandi félags eða deildar og þjálfara um að iðkandi hafi æft hjá þeim í a.m.k. 6 mánuði. Þegar umsókn hefur verið móttækin og samþykkt fær iðkandi senda/afhenda óutfyllta þáttökubók. Í þáttökubók er læknisvottorð fyrir lækni til útfyllingar og staðfestingar á heilbrigði iðkanda. Iðkandi skal svo skila til HNÍ þáttökubókinni með læknisvottorði útfylltu af lækni ásamt tveimur ljósmyndum og bókgjaldi. Iðkandi telst hlutgengur um leið og formaður HNÍ hefur staðfest þáttökuleyfið.



- 2.4. Ef iðkandi er að sækja um AIBA þátttökubók í fyrsta sinn og er erlendur ríkisborgari skal hann einnig skila inn staðfestingu á samfelldri búsetu hér á landi í a.m.k. þrjú (3) ár ásamt afriti af viðurkenndum skilríkjum.
- 2.5. Við endurnýjun þátttökubókar skal iðkandi fá útfyllt læknisvottorð á eyðublaði ásamt staðfestingu á læknisskoðun í þátttökubókina sjálfa. Þessu skal svo skilað inn til HNÍ ásamt keppnisgjaldi. Iðkandi telst hlutgengur um leið og formaður HNÍ hefur staðfest þátttökuleyfið.
- 2.6. Ef eldri þátttökubók glatast, skal sækja um nýja þátttökubók og þarf við það að fylgja reglum um umsókn á nýrri þátttökubók.
- 2.7. Almennt skulu þátttökubækur vera geymdar í húsakynnum HNÍ.
- 2.8. Í gjaldskrá HNÍ er að finna gjald fyrir nýjar þátttökubækur og keppnisgjald.

3. Keppnistímabil

- 3.1. Keppnistímabilið er frá 1. september til 31. ágúst. Tímabilið skiptist í 2 helminga, fyrir og eftir 1.mars.
- 3.2. Keppnisleyfi gildir eitt keppnistímabil í senn, óháð því hvenær umsókn um leyfi var samþykkt.

4. Félagaskipti

- 4.1. Félagaskipti eru heimil á tímabilinu 1. ágúst til 15. september ár hvert. Félagaskipti eru einnig heimil hvenær sem er á árinu, komi formenn viðkomandi félaga sér saman um félagaskipti, þó aðeins einu sinni á hvorum helming keppnistímabils. Viðkomandi leikmaður þarf að vera skuldlaus og án annarra samninga við fráfarandi félag. Félagaskipti skulu vera skrifleg. Félagaskipti ganga í gegn um leið og formaður HNÍ hefur staðfest skiptin.
- 4.2. Hægt er að sækja um undanþágu gagnvart reglu þessari til stjórnar HNÍ ef iðkandi telur á sér brotið.

5. Árleg læknisskoðun

- 5.1. Heilsufarslega hæfni skal athuga hvert ár. Engum keppanda skal heimilt að hefja leik án þess að heilsufarsleg hæfni hans hafi verið skráð í skráningarbók hans um keppnisþátttöku, en slíkar skráningar eru aðeins heimilar af viðurkenndum lækni. Þau atriði sem skoða skal ár hvert eru listuð upp í AIBA keppnisbók fyrir AOB keppnir. Hægt er að fara fram á ýtarlegra mat á heilsufarslegri hæfni skal, ef því verður við komið, fela í sér eftirfarandi próf eða sambærileg:
 - 5.1.1. Heildarlæknisskoðun með sérstakri áherslu á sjón og heyrn, jafnvægissskyn og taugakerfið.
 - 5.1.2. Líkamlegar mælingar, þ.m.t. hæðarmæling og vigtun í það minnsta.
 - 5.1.3. Taugafraeðileg skoðun þ.m.t. heilalínurit.
 - 5.1.4. Líffraeðileg skoðun þ.m.t. blóð- og þvagsýnataka.



5.1.5. Röntgenmynd af höfði.

5.1.6. Hjartasjúkdómafræðileg skoðun þ.m.t. hjartalínurit.

5.1.7. Skoðun með tölvusneiðmyndun af höfði ef því verður við komið.

5.2. Læknisskoðun skal endurtaka a.m.k. einu sinni á Keppandi sem er fertugur (40) eða eldri verður auk þess árlega að gangast undir læknisrannsókn með heilalínuriti (e. EEG). Allir keppendur verða að gangast undir þess háttar rannsókn eftir hundraðasta hvern leik hver sem svo úrslitin urðu. Mótanefnd HNÍ getur krafist ítarlegri læknisskoðunar þegar þörf er talin á.

6. Heilsufar keppanda

6.1. Keppandi er ekki metinn hæfur í keppni og er bönnuð keppni ef eftirfarandi atriði eru ekki í lagi:

6.1.1. Einstaklingur er eyneigður.

6.1.2. Sjón einstaklings þarf að vera a.m.k. 20/200 óleiðrétt eða 20/60 leiðrétt og ekki nærsýnni en -3,5. Ef keppandi hefur farið í augnaðgerð, t.d. skipta um augastein skal ráðfæra sig við lækni áður en hann keppir.

6.1.3. Einstaklingur sem hefur langvarandi og/eða alvarlegar sýkingar og/eða sjúkdóma á borð við lifrabólgu B og C og HIV sýkingu.

6.1.4. Einstaklingur með alvarleg blóðmeið, vökvæðun í kviði, bólgu í lifri og/eða milta, alvarleg einkenni sykursýki eða skjaldkirtilssjúkdóma.

6.1.5. Einstaklingur sem hefur sögu af flogaköstum og fengið flog einhvern tíma síðastliðin þrjú (3) ár má ekki taka þátt í hnefaleikum.

6.1.6. Einstaklingar með langvarandi fíkni- og/eða vímuefnavanda eru ekki taldir hæfir til að keppa í hnefaleikum.

6.1.7. Einstaklingur með meðfædda eða áunna lungna og/eða hjartasjúkdóma sem lækni telur að geti mögulega haft slæmar afleiðingar í för með sér og stefnt keppanda í hættu.

6.1.8. Einstaklingur með of háan blóðþrýsting. Hvíldarhjartsláttur skal ekki vera meira en 100 slög á mínútu.

6.1.9. Einstaklingur með meðfædda eða áunna galla í stoðkerfi líkamans sem teljast það alvarlegir að það teljist hættulegt að keppa.

6.1.10. Einstaklingur með einhvers konar læknisfræðilegar ígræðslur sem breyta lífeðlisfræðilegum ferlum líkamans.

6.1.11. Kvenkyns einstaklingi er með öllu óheimilt að keppa ef hún er ólétt. Önnur atriði sem geta haft áhrif á hæfi keppanda.

6.1.12. Bannað er að nota gleraugu og/eða harðar linsur í keppni.



6.1.13. Heyrnarleysi er ekki ástæða til að dæma keppanda óhæfan í keppni, en skal þá láta alla sem koma að viðureigninni vita áður en hún hefst.

6.1.14. Keppandi með alvarlega geðsjúkdóma eða geðraskanir skal ráðfæra sig við lækni til að tryggja að það hafi ekki áhrif á getu eða hegðun í hringnum.

7. Athugun fyrir leik

7.1. Fyrir hvern leik skal athuga eftirfarandi atriði:

7.1.1. Engum skal heimilt að keppa með umbúðir á skurði, sári, áverka, skrámu eða blóðgúl í hársverði eða á andliti, þ.m.t. nefi og eyrum. Keppanda er heimilt að keppa með collodíum-umbúðir eða sterí-strip á sári. Ákvörðunin er í höndum læknis sem skoðar keppendur á keppnisdag. Keppandi sem hefur hlotið heilahristing í keppni eða á æfingu skal ekki fá að keppa fyrr en nægur tíma er liðin og lækni telur að keppandinn hafi jafnað sig.

7.1.2. Keppandi má vera með plástur á andliti ef lækni keppinnar leyfir. Keppandi má ekki vera með plástur í andliti þegar vegið er inn, en setja má plástur á sár fyrir leik að fengnu leyfi læknis.

7.1.3. Sé listi yfir sjúkdóma og kvilla hér að ofan ekki tæmandi og skal ráðfæra sig við Læknahandbók AIBA ef vafi leikur á um hvort einstaklingur sé nægilega hraustur í keppni í hnefaleikum.

8. Hegðun

8.1. Iðkandi skal ávallt sýna fyrirmyndarhegðun bæði innan sem utan hrings. Hann skal virða reglur og tilmæli sem honum eru gefin og sýna af sér íþróttamannslega hegðun í einu og öllu.